

Alþingi
Umhverfisnefnd Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1273
komudagur. 10.12.2003

5. desember 2003

Efni: Drög að Náttúruverndaráætlun 2003-2008

Drög að Náttúruverndaráætlun voru send til umsagnar hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps í maí sl. og gerði hreppsnefnd athugasemd við drögin þar sem ekki var getið um neinar náttúruminjar innan sveitarfélagsins. Athugasemd þessi var send til Umhverfisstofnunar þann 30. júní sl.


Í svari Umhverfisstofnunar þann 9. júlí sl. kemur m.a. fram að lagt sé til að ekki verði bætt við nýjum svæðum í náttúruverndaráætlun þar sem áætlunina eigi að endurskoða eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. Hreppsnefnd Hvalfjarðastrandarhrepps telur að ekki sé um ný náttúruverndarsvæði að ræða þar sem í Náttúruminjaskrá frá árinu 1996 séu þessi svæða skilgreind, þó að undanskildum eyjunum (Þyrilssey og Geirshólmi) og Þyrilsnesi. Að auki hefur hreppsnefnd, ásamt Ferða- og atvinnumálanefnd og umhverfisnefnd, áhuga og metnað í náttúruverndarmálum og telur það hag sveitarfélagsins að þessi svæði séu inni í Náttúruverndaráætlun. Þá telja nefndirnar rétt að koma því á framfæri að umferð um þessi svæði eykst sýnilega ár frá ári og er það mat hreppsnefndar að með friðlýsingu og þar með markvissri stjórnun verði svæðin betur í stakk búin að taka við auknum fjölda ferðamanna.

Þá fór á vegum hreppsnefndar fulltrúi á Umhverfisping sem haldið var 14.-15. október sl. þar sem drög að Náttúruverndaráætlun voru kynnt og þau rædd. Þar kom m.a. fram í máli Umhverfisráðherra að umhverfisnefnd alþingis hefði hug á að bæta inn svæðum í Náttúruverndaráætlun og jafnframt ítrekaði ráðherra þann möguleika sveitarstjórna að koma að athugasemdum varðandi fyrirliggjandi drög að Náttúruverndaráætlun.

Í ljósi þessa vill hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps ítreka þann vilja sinn að eftirtalin svæði séu inni í Náttúruverndaráætlun 2003-2008:

Botnsdalur upp fyrir Glymsgljúfur og Hvalfell, Botnsvogur, Þyrilsnes, Þyrilsey og Geirshólmi og Hvalfjarðarströnd frá Miðsandi út að Katanesi.

Virðingarfyllt
f.h. hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps


Hallfreður Vilhjálmsson, oddviti